

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. mars 2015


Efni: Umsögn Landverndar um þingsályktunartillögu um að draga úr plastpokanotkun, 166. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015.

Landvernd fagnar þingsályktunartillögu um að draga úr plastpokanotkun og tekur eindregið undir mikilvægi þess að draga úr notkun einnota plastpoka.

Eftirfarandi eru athugasemdir okkar við drög að þingsályktunartillögu:

1. Á síðasta ári veitti umhverfis- og auðlindaráðuneytið styrk til Umhverfishóps Stykkishólms, sem í samvinnu við Náttúrustofu Vesturlands, Landvernd og Environice gerði tilraun til að gera Stykkishólmsbæ að plastpokalaus sveitarfélagi (<https://www.facebook.com/burdarplastpokalaus>). Verkefnið fór af stað um mitt ár 2014 og var plastpokinn kvaddur með pompi og prakt í september. Mikið samráð var haft við verslunar- og þjónustuaðila. Þá voru íbúar fræddir um neikvæðar hliðar plastnotkunar og hvattir til að nota fjölnota burðarpoka við innkaup. Landvernd þykir rétt að nefna þetta átak í þingsályktunartillögunni sem dæmi um það sem nú þegar hefur verið gert á Íslandi.
2. Breyta setningunni: „Léttir plastpokar eru að jafnaði ekki notaðir oft en einu sinni en geta verið hundruð ára að eyðast í náttúrunni, oft í formi örsmárra plastagna sem geta verið skaðlegar náttúru, til að mynda fyrir lífríki hafsins.“ í: „Léttir plastpokar eru að jafnaði ekki notaðir oft en einu sinni en geta verið hundruð **til þúsundir** ára að eyðast í náttúrunni, oft í formi örsmárra plastagna sem geta verið skaðlegar náttúru, til að mynda fyrir lífríki hafsins.“
3. Breyta setningunni: „Þannig hafa hafstraumar smalað plastögnum úr plastpokum og ýmsu öðru í gríðarstóra fláka í Kyrrahafi, Atlantshafi og Indlandshafi.“ í „Þannig hafa hafstraumar smalað plastögnum úr plastpokum og ýmsu öðru **plasti** í gríðarstóra fláka í Kyrrahafi, Atlantshafi og Indlandshafi.“

Virðingarfyllt, fyrir hönd stjórnar Landverndar



Rannveig Magnúsdóttir,
Verkefnisstjóri hjá Landvernd